

» Fullorðnir geta ekki annað en skellt upp úr þegar þeir lesa um úlfinn 41

Glæsilegt ævistarf



Fræðibók, myndlist

Veftir, Ásgerður Búadóttir
★★★★☆

Áðalsteinn Ingólfsson, Guðbergur Bergsson, Uppheimar 2009, 128 s.

Hjá Uppheimum er ný-komin út vegleg bók um Ásgerði Búadóttur (1920) myndlistarkonu. Ásgerður er einn helsti frumkvöðull okkar Íslendinga á sviði íslenskrar veflistar og stórar myndir hennar unnar með ívafi úr hrosshári vöktu mikla athygli á áttunda áratug síðustu aldar.

Ásgerður var myndlistarmentuð og lagði ekki til atlögu við veflistina fyrr en nokkru eftir að hún lauk hefðbundnu myndlistarnámi, í fyrstu hér heima og síðan við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn. Að námi loknu fann hún þegar að málverkið var ekki sá miðill sem togaði hvað sterkast í hana og lagði áherslu á graffík. Veflistin kom síðan smám saman inn í líf hennar og list, en Ásgerður er að mestu sjálfmenntuð í vefnaðinum.

Grundvallarþættir málverka, form, litir og myndbygging, eru grunnur velta Ásgerðar, en hún nalgast vefinn alla tíð fyrst og fremst sem fullgilt samtímalistform. Veflistaverk hennar vöktu strax athygli innan lands sem utan og á ferli sínum var hún í virkum tengslum við veflistamenn á Norðurlöndum. List Ásgerðar hefur haldið áfram að þróast á áhuga-verðan hátt þrátt fyrir aldur listakonunnar eins og sýningar hennar undir lok síðustu aldar eru til vitnis um.

Áðalsteinn Ingólfsson ritar meginkafla um list Ásgerðar og leysir það vel af hendi, að auki skrifar Guðbergur Bergsson rithöfundur stuttan kafla í upphafi bókar. Áðalsteinn er okkar afkastamesti fræðihöfundur um íslenska myndlist og myndlistarmenn. Hann hefur ritað um marga okkar þekktustu listamenn, auk ótal greina í sýningarskrár og bækur.

Áðalsteinn hefur einstakt lag á því að skrifa aðgengilegan texta, fræðilegan en lifandi og manneskjulegan í senn. Þannig skrifar hann fyrst og fremst um list Ásgerðar, en samtímis skynjar lesandinn lífið að baki listinni. Líf eigin konu með heimili og börn hafði án efa yfirhöndina um tíma, en hér er ekki farið út í þá sálma. Áðalsteinn notar hér orðið veftir um veflistaverk Ásgerðar, í viðtali hefur komið fram að það orð noti listakonan sjálf yfir verk sín. Ég var ekki kunnug þessari orðnotkun, en hún venst ágætlega.

Myndirnar í bókinni tala sínu máli og það er áhugavert að geta nú skoðað þróunina í list Ásgerðar á svo aðgengilegan máta, ævistarfið er mikið og glæsilegt. Hún er fyrirmynd yngri listamanna- og kvenna hvað varðar listræna dirfsku. Veflistin var ekki hátt skrifuð í samtímalistum þegar hún hóf feril sinn og átti hún stóran þátt í að breyta því viðhorfi. Eins var efnisnotkun hennar óvenjuleg og krafðist seiglu og hugrekksis, hvort tveggja á listakonan í ríkum mæli.

Bókmenntir

Saga Bæjarættarinnar og niðjatal

ÆTTARSAMTÖK Bæjarættarinnar hafa gefið út bókina *Fyrir opnu hafi: saga Guðmundar Guðmundssonar og Ragnheiðar Halldórsdóttur í Bæ á Selströnd*, ásamt niðjatali þeirra hjóna.

Ritstjórar eru Benedikt Jónsson og Þorkell Örn Ólason. Björn H. Björnsson ritar inngangsorð um hvert systkinanna í Bæ. Auk ættfræðiupplýsinga og sögu hjónanna í Bæ eru í bókinni ljóð og viðtöl sem tekið voru við flest systkinanna í Bæ. Ítarleg nafnaskrá fylgir ritinu.

Hægt er að panta bókina í gegnum tölvupóstfangið bæjarættin@simnet.is.



Fyrir opnu hafi.

Tónlist

Lög úr gömlum íslenskum söngarfi

KÓR Menntaskólans í Reykjavík heldur sína árlegu aðventutónleika í Seltjarnarneskirkju í kvöld kl. 20.30. Á dagskrá kórsins eru m.a. lög úr gömlum íslenskum söngarfi í útsetningum Smára Ólasonar og Róberts A. Ottóssonar. Þar gefur líka að heyra verk eftir Báru Grímsdóttur og Missa Brevis eftir Hildigunni Rúnarsdóttur.

Á haustmisserinu hefur kórinn verið að æfa Hymn to St. Cecilia eftir Benjamin Britten og flytur hluta af því verki.

Í bland við þessa tónlist er að finna jóla- og aðventutónlist í anda árstíðarinnar. Tónleikarnir eru öllum opnir og aðgangur ókeypis.



Smári Ólason

Myndlist

Hola til að vera til á Gallerí Skilti

Í DAG kl. 17 til 19 verður opnuð sýning Erlings T.V. Klingenberg, *Hola til að vera til*, á Gallerí Skilti, Dugguvogi 3, 104 Reykjavík. Verkið er gert á Grænlandi, breiddargráðu 72°47'N í aprílmánuði árið 2009. Á einfaldan og frumstæðan hátt hefur listamaðurinn grafið inn í landslagið með líkamshita sínum.

Sýningin stendur fram í miðjuní, 2010. Hægt er að sjá sýninguna frá götunni og því ekki um eiginlegan afgreiðslutíma að ræða. Gallerí Skilti heldur tvær sýningar á ári og er stefnt á að þær verði opnaðar annars vegar á stysta degi ársins og hins vegar á lengsta degi ársins.



Erling Klingenberg

Sprækur bókaútgefandi

- Arnbjörn Kristinsson er 84 ára gamall og rekur bókaútgáfuna Setberg
- Gefur eingöngu út barnabækur ● Lenti í útistöðum við Ragnar í Smára

Eftir Kolbrúnu Bergþórsdóttur
kolbrun@mbl.is

Í ÁRATUGI hefur Arnbjörn Kristinsson, sem orðinn er 84 ára gamall, rekið bókaútgáfuna Setberg og síðustu sjö árin hefur hann einbeitt sér að útgáfu vandaðra barnabóka, aðallega fyrir börn á aldrinum 0-8 ára. Á hvert koma út á milli 20 og 30 titlar hjá Setbergi. En af hverju einbeittir Arnbjörn sér að útgáfu barnabóka?

„Fyrir sjö árum var ég búinn að vera 50 ár í bókaútgáfu og hafði gefið út allar tegundir af bókum, þar á meðal matreiðslubækur, barnabækur og ævisögur. Ég gaf út þó nokkuð af ævisögum en var alltaf að tapa á því. Það var reyndar allt í lagi því ég hafði efni á því að tapa. En eftir hálfa öld, orðinn 76 ára, hugsaði ég með mér að ég þyrfti að fara að hægja á mér og ákvað að snúa mér að barnabókunum. Það gengur ágætlega vegna þess að barnabækur seljast allt árið en það sama á til dæmis ekki við um ævisögur. Það er mikið vesen að gefa út ævisögu, bókaútgefandi selur kannski 5.000-6.000 eintök af henni fyrir jól og svo á hann 800 eintök eftir og það tekur 15 ár að selja þau.“

Átök við Ragnar í Smára

Arnbjörn sat í 52 ár í stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda. „Ég kynntist mörgu ágætisfólki í gegnum þetta starf mitt, ekki síst bókaútgefendum. Valdimar Jóhannsson, pabbi Jóhanns Páls, var afskaplega merkilegur maður og finnst bókaútgefandi. Ragnar í Smára var sérkennilegur. Ég lenti í útistöðum við hann mér til mikillar raunar og leiðinda því ég mat hann mikils.

Mér varð það á árið 1955 að fá þá hugmynd að gefa út úrval íslenskra smásagna og hafði sérstaka nefnd í því að velja sögur í bókina. Ragnar skrifaði mér bréf, var óskaplega reiður og spurði hvers konar stráklingur væri að vaða inn á markaðinn og ætla sér að taka inn í bók sögur sem hann hafði verið að gefa út. Ég varð dölfallinn og afskaplega miður mín. Ég skrifaði uppkast að



Morgunblaðið/Heiddi

Arnbjörn „Ég er á kafi í bókaútgáfunni, hef gaman af henni og hún heldur mér sprækum.“

svarbréfi til Ragnars sem ég sendi Sigurbirni Einarssyni vini mínum og bað hann að fara vel yfir það því ég vildi að það yrði sem allra mykist og kurteislegast. Sigurbjörn gerði það og ég sendi Ragnari síðan bréfið. Hann bannaði sínum höfundum, þar á meðal Halldóri Laxness og Gunnari Gunnarssyni, að eiga sögur í bókinni. Vegna þessa hringdi Gunnar Gunnarsson í mig og bað mér í kaffi til sín á Dyngjuveg. Ég fór til hans og hann sagði mér að honum þætti þetta leitt. Ég sat hjá honum í tvo tíma og það er ein indælasta rithöfundastund sem ég hef upplifað. Ég gaf svo út bók með smásögum en hún var án framlags höfunda sem voru á vegum Ragnars.“

Arnbjörn segist vera búinn að

glugga í bók Jóns Karls Helgasonar um Ragnar í Smára. „Mér finnst hann taka gríðarlega vel á þessu efni, þetta er mjög listrænt hjá honum. En ég verð að fá að segja þér hvaða bók ég var hrífnastur af fyrir tveimur árum, sem er Sandárbókin hans Gyrðis Eliassonar. Mikið rosalega fannst mér það góð bók. Gyrðir er með tvær bækur á markaði í ár og ég ætla að kaupa þær báðar. Mér finnst hann afbragðs höfundur. Og Jón Kalman sömuleiðis. Annars er ég fyrst og fremst ljóðamaður. Hannes Pétursson og Þorsteinn frá Hamri, vinir mínir í áratugi, eru að mínu mati þjóðskáldin okkar. Svo eru konur á ferðinni sem eru býsna finar, eins og Gerður Kristný.“

Bókin lifir

Arnbjörn segist ekki hafa neinar áhyggjur af stöðu bókarinnar: „Alla þessa tíð hefur verið spurt: Hvað verður um bókina í samkeppni við aðra miðla. En bókin lifir. Ekki síst barnabækur.“ Hann hyggst halda áfram bókaútgáfu og lætur aldurinn ekki trufla sig. „Ég er á kafi í bókaútgáfunni, hef gaman af henni og hún heldur mér sprækum.“ Spurður um framtíðina segir hann: „Þegar móðir mín ræddi um áform sín lengur en þrjá mánuði fram í tímann þá sagði hún alltaf: Ef ég lifi. Þannig að ef ég lifi þá þætti mér gaman að sjá Setberg verða 60 ára árið 2012. Eftir það er ég tilbúinn til að yfirgefa svæðið.“

Góða nótt

TÓNLIST
JÓNAS SEN



Geisladiskur
Cariño ★★★★★

Páll Eyjólfsson gítarleikari flytur tónlist eftir Tarrega og Villa-Lobos.

Í jólastressinu er gott að geta slakað á, á heilbrigðan hátt. Ekki með vínglasi eða pillu, heldur einhverju öðru. Til



keypti mér geisladisk með tónlist sem heitir Góða nótt. Þetta átti að vera einstaklega róandi músík sem væri tilvalið að hlusta á rétt fyrir svefninn.

Hvílík vonbrigði! Það sem barst úr heyrnartölunum var að vísu

mjög róleg tónlist, en hún var með svo miklum endurtekningum og það sem var endurtekið var ekkert nema klisjur. Tónlistin hafði öfug áhrif á mig, endurtekningarnar og klisjurnar voru þirrandi og virkuðu síður en svo róandi.

Geisladiskur með alvörutónlist er áhrifaríkari leið til að slaka á. Ég mæli sérstaklega með geisladiski Páls Eyjólfssonar gítarleikara, með tónlist eftir Tarrega og Villa-Lobos. Það er lífleg tónlist, en samt í fullkomnu jafnvægi, gædd hæfilegum andstæðum sem

gera hana áhugaverða. Það á sér heilmargt stað í henni, framvindan er full af óvæntum uppákomum – en hið lágstemmda yfirbragð hins klassíska gítars tryggir samt að það fer aldrei yfir strikið. Það er að segja ef maður ætlar að slaka á!

Páll pilár allt af vandvirkni, smekkvísi og réttu tilfinningunni fyrir einkennum og stílbrigðum hvers lags. Og upptakan er hljóm-mikil, án þess að finlegir litir glatist. Það er gott að hafa þessa tónlist á koddanum í skammdeginu!